

# Læsisstefna Hrunamannahrepps Leikskólinn Undraland og Flúðaskóli



Unnið af Kolbrúnu Haraldsdóttur og Valdísi  
Magnúsdóttur í samstarfi við kennara  
Undralands og Flúðaskóla, skólaárið 2016  
– 2017. Endurskoðuð vorið 2024

## Efnisyfirlit

Markmið læsisstefnunnar .....	2
Lestur .....	3
Kennsluaðferðir til að efla málþroska og læsi í leik- og grunnskóla .....	4
Lestrarþjálfun í skóla .....	6
Lestrarþjálfun heima .....	7
Lestrartengd verkefni.....	7
<i>Lestrarsamningar</i> .....	7
<i>Litla upplestrarkeppnin</i> .....	7
<i>Bókasafn</i> .....	8
Lesskilningur .....	9
<i>Orð af orði</i> .....	9
Matstæki í grunnskóla.....	13
Yfirlit yfir skimanir og próf í leik- og grunnskóla.....	15
Stefnumörkun í læsi fyrir alla árganga leik- og grunnskóla .....	16
<i>Læsi á Grænhól (börn 1-2 ára)</i> .....	16
<i>Læsi á Stekkhól (börn 2-3 ára)</i> .....	18
<i>Læsi á Völuhóll (börn 4-6 ára)</i> .....	20
<i>Lestur/læsi í 1. bekk</i> .....	22
<i>Lestur/læsi í 2. bekk</i> .....	23
<i>Lestur/læsi í 3. bekk</i> .....	24
<i>Lestur/læsi í 4. bekk</i> .....	25
<i>Lestur/læsi í 5. bekk</i> .....	26
<i>Lestur/læsi í 6. bekk</i> .....	27
<i>Lestur/læsi í 7. bekk</i> .....	28
<i>Lestur/læsi í 8.-10. bekk</i> .....	29
Heimildaskrá .....	30



## Markmið læsisstefnunnar

Lestur er lykill að framtíðinni og afar mikilvægur hlekkur í menntun. Með gerð læsisstefnu gefst tækifæri til að skipuleggja lestrarkennslu, styðja við fjölbreytni í lestrarnámi og meta árangur. Þá verður auðveldara að finna nemendur með frávik og bregðast markvisst við því t.d. með snemmtækri íhlutun. Einnig byggir læsisstefna á markmiðum í aðalnámskrá leik- og grunnskóla og á niðurstöðum rannsókna á gagnreyndum kennsluáðferðum, eða leiðum, sem hafa sýnt að skipti máli til að efla bernskulæsi, lestur og lesskilning.

Markmið læsisstefnu Hrunamannahrepps byggjast m.a. á skólastefnu sveitarfélagsins og þeim sameiginlegu markmiðum sem sveitarfélög innan Skólaþjónustu Árneshrepps hafa sett sér, bæði fyrir leik- og grunnskóla. Skólaþjónustan hefur unnið að sameiginlegum markmiðum í skólamáli í samstarfi við skólana og sveitarstjórnirnar á svæðinu. Eitt af fjórum meginmarkmiðunum fjallar um lestur

en þar segir að árið 2017 skuli stefnt að því að eftirfarandi markmið hafi náðst:

- Lestrarnám hefst í leikskóla og byggt er ofan á það í grunnskóla. Meginþorri barna þekkir bókstafina og hljóð þeirra við lok leikskóla
- Á tímabilinu hafi meðaltal skólanna í lesskilningi á samræmdum prófum í 4. og 7. bekk hækkað um að minnsta kosti 5% og meðaltal á HLJÓM-2 hækkað um að minnsta kosti 5%.

Sameiginleg sýn þessara aðila er að lestur sé undirstaða náms og virkni í samfélaginu. Til að ná markmiðunum verður sérstakt átak í lestri á öllum skólastigum frá leikskóla til grunnskóla og samstarf leik- og grunnskóla eftt. Árangur átakans verður síðan metinn út frá niðurstöðum á lesskilningi á samræmdum prófum í 4. og 7. bekk, niðurstöðum úr stuðningskerfinu Leið til læsis í 1. bekk og HLJÓM-2 í leikskólum.

Læsisstefnan er endurskoðuð reglulega.



## Lestur

Það tekur börn mislangan tíma að ná tökum á lestrarferlinu og misjafnt hvað tekur langan tíma að þjálfna hvern þátt. Fjöldi rannsókna staðfesta að á leikskóla og fyrstu grunnskólaárunum er lagður mikilvægur grunnur að læsi og námsárangri síðar meir. Einnig sýna þær að mikill einstaklingsmunur á þessum þáttum undirstrikar mikilvægi þess að finna börn í áhættuhópum strax á leikskólaaldri. Þá er hægt að beita snemmtækri íhlutun í vinnu með þeim sem eykur líkur á farsælli skólagöngu seinna meir.

Lestur er ekki meðfæddur eiginleiki heldur lærd aðgerð og því ólíkur máltöku að því leyti. Undirbúningur undir lestur byrjar að þróast löngu áður en börn geta lesið. Ef byrjað er að lesa bækur fyrir börn á fyrstu árunum getur það verið skemmtilegt upphaf að farsælu lestrarnámi. Fyrir flest börn er lestrarnámið áreynslulítið og færnin eykst án sérstakrar fyrirhafnar, en fyrir önnur er þetta ferli bæði erfið og sársaukafull reynsla. Góð lestrarfærni er í okkar tæknivædda samfélagi nauðsynlegur þáttur til aukinna lífsgæða. Það er því mikil ábyrgð sem hvílir á skólasamfélaginu og kennurum allt frá leikskóla og upp grunnskólann til að sem best takist til við kennslu læsis og lestartengdra þátta. Kennsla með aðferðum sem sýnt hefur verið með rannsóknum að beri árangur er lyklatriði, auk þess að fylgjast markvisst með framförum allra

nemenda í lestrarnáminu og grípa inn í með íhlutun ef þess er þörf.

Samvinna foreldra skiptir miklu máli, þar sem foreldrar eru sérfræðingar í börnum sínum og þekkja þau best, foreldrarnir veita mikilvægustu upplýsingarnar um barnið. Samstarfið þarf að byggja á gagnkvæmum skilningi, viðhorfum og trausti frá beggja hálfu. Í aðalnámskrá leikskóla er m.a. getið um mikilvægi góðra samvinnu milli foreldra og leikskóla með heildarhagsmuni allra að leiðarljósi.

Nauðsynlegt er að nýta fyrstu árin til þess að bjóða upp á fjölbreyttar upplifanir og lestrarhvetjandi umhverfi. Það er mikilvægt að foreldrar (forráðamenn) lesi fyrir ung börn á sínu móðurmáli og útskýri orð og hugtök meðfram lestrinum. Einnig er gott að skoða með þeim myndabækur og sýna þeim hvernig við lesum í lestrarátt (frá vinstri til hægri), en með því byggjum við upp orðaforða og eflum málskilning. Þannig styrkist einnig hljóðkerfisvitund barnsins og þekking þess á ritmáli.

Þegar í grunnskólann er komið er mikilvægt að foreldrar styðji við lestrarnám barna sinna með því að hlusta á þau lesa að lágmarki 10 – 15 mínútur á dag. Einnig er mikilvægt að foreldrar lesi áfram fyrir börnin sín til að efla orðaforða, málþroska og áhuga barnsins á lestri.



Kennsluaðferðir til að efla málþroska og læsi í leik- og grunnskóla

#### *Lubbi finnur málbein*

Bókin Lubbi finnur málbein, og þau verkefni sem honum fylgja, er hugsuð til málörvunar og hljóðnáms fyrir börn á aldrinum tveggja til sjö ára. Bókin er eftir talmeinafræðingana Eyrúnu Ísfold Gísladóttur og Þóru Másdóttur og vísur í bókinni eru eftir Þórarinn Eldjárn. Í bókinni eru öll íslensku málhjóðin (bókstafir) með ákveðið tákni eða hreyfingu sem tengist hljóðinu en með því er auðveldara fyrir barnið að muna hljóðið. Hljóð bókstafanna lærist ósjálfrátt. Efnið samanstendur af fjórum hljóðakössum með miklu námsefni í.

#### *Snemmtæk íhlutun*

Haustið 2024 hófst þróunarverkefni sem nefnist Snemmtæk íhlutun þar sem sérstök áhersla er á málþroska og undirbúning undir lestur. Talmeinafræðingar frá MMS (miðstöð menntunar og skólaþjónustu) stýra verkefninu.

Seinkun í leikþroska og orðaforða getur verið fyrsta vísbending um lestrarerfiðleika. Þau börn sem hafa góðan orðaforða hafa forskot þegar kemur að lestrarferlinu, vegna þess að þau hafa fleiri orðmyndir. Það skiptir einnig miklu máli að þekkja og vinna markvisst með aðra undirstöðuþætti fyrir lestur sbr. hljóðkerfisvitund, málskilning, bókstafi/hljóð og lesfimi.

Í þróunarverkefninu um snemmtæka íhlutun er fjallað sérstaklega um þessa þætti og hvernig má finna börn sem eru í áhættu og beita hagnýtum aðferðum snemmtækra íhlutunar. Þetta þýðir að því fyrr sem málþroskafrávik eru greind og skilgreind er hægt að draga úr, eða jafnvel koma í veg fyrir námserfiðleika síðar á lífsleiðinni.

Skólastig	Leikskóli
Orðaforði	Markviss þjálfun orðaforða
Lesskilningur	Málörvun þjálfun hlustunarskilnings
Hljóðkerfis- og hljóðavitund	Markviss þjálfun hljóðkerfis- og hljóðavitundar með bókstafi sýnilega
Umskráning	Hljóðræn umskráning Læra heiti og hljóð bókstafa Umskráning í lestri / tengja saman hljóð
Lesfimi	Unnið með nefnuhraða...

#### *Orðagull*

Orðagull er málörvunarefni sem þjálfar mikilvæga undirstöðuþætti máls og læsis. Efnið hentar elstu börnum í leikskóla og börnum á yngsta stigi í grunnskóla. Það getur einnig nýst eldri nemendum sem glíma við erfiðleika hvað varðar vinnsluminni, heyrnræna úrvinnslu, orðaforða og endursögn, sem og nemendum með íslensku sem annað tungumál. Orðagull er einnig til sem smáforrit. Höfundar efnisins eru

Bjartey Sigurðardóttir og Ásthildur Bj. Snorradóttir (2010).

#### Blær

Blær er forvarnarverkefni Barnaheilla gegn einelti fyrir börn á aldrinum 0 – 8 ára. Verkefnið kemur frá Danmörku og er þróað og mótað af Red barnet og Mary Fonden. Tilgangur verkefnisins er að fyrirbyggja einelti með því að móta góðan skólabrag, eiga góð samskipti og hafa jákvæð viðhorf til allra í hópnum. Grundvöllur þess að vel takist til er þátttaka allra á leikskólanum; barna, starfsfólks og foreldra. Sérstök áhersla er lögð á að ná til þeirra barna og fullorðinna sem verða vitni að einelti án þess að bregðast við því. Bangsinn Blær er táknmynd vináttunnar í verkefninu og með klípusögum, umræðum, nuddi, söng og leikjum læra börnin um gildi vináttu með aðstoð frá bangsanum Blæ. Hvert og eitt barn fær lítinn bangsa sem táknar samfélag vináttu. Bangsarnir eru eign barnanna en þeir verða geymdir í leikskólanum þar til börnin hafa útskrifast og eru hugsaðir sem hluti af þessu verkefni. Þeir eru geymdir hver á sínum stað á deildunum en fá að sjálfsgöðu mikla umhyggju og ást. Unnið er með hugtök og gildin: Umburðarlyndi, virðing, umhyggja og hugrekki. Í þeim stundum sem verið er að vinna með vináttuverkefnið gefst tækifæri til að vinna með málnotkun, tjáningu, málskilning og lestur og vinna að jákvæðum samskiptum.

<https://www.barnaheill.is/is/forvarnir-og-fraedsla/vinata>



#### Tákn með tali

**Tákn með tali (TMT)** er tjáskiptaaðferð sem upphaflega var þróuð fyrir nemendur með mál- og þroskaröskun. Aðferðin byggir á einföldum hreyfitáknum sem notuð eru á markvissan hátt til stuðnings töluðu máli. Um er að ræða náttúruleg tákn svo sem bendingar, látbragð og svipbrigði að viðbættum táknum úr táknmáli heyrnarlausra. Áherslan er lögð á að tákna lykilorð hverrar setningar. TMT nýtist fólki á öllum aldri sem hefur tal- og málörðugleika af öðrum orsökum en heyrnarleysi. Undanfarin ár hefur komið í ljós að aðferðin nýtist vel í fjölmenningarlegu umhverfi til dæmis í leik- og grunnskólum. Aðferðin er málörvandi fyrir öll ung börn og því óhætt að hvetja foreldra og kennara ungra barna að nota TMT sem skemmtilegt málörvunartæki sem um leið hjálpar þeim sérstaklega sem á þurfa að halda. TMT er ávallt notað samhliða tali enda er markmiðið að kenna viðkomandi að tjá sig og skilja íslenskt talmál. Táknin gera málið sýnilegt og styðja þannig við töluðu orðin. Táknin vara lengur en orðin sem hverfa um leið og þau eru sögð. Það gefur viðkomandi lengri tíma til að skilja það sem sagt er. Táknin eru oftast myndræn og lýsandi og því auðskilin. TMT er í raun eðlilegt framhald af þeim tjáningsarmáta sem flest ung börn hafa og ráða við löngu áður en þau hafa þroska til að mynda töluð orð. TMT er notað í öllu daglegu starfi á leikskólanum. Undir hverri mynd er lesmál um hvað verið er að gera á myndinni. Með því að nota TMT gefst kostur á að vinna með hljóða- og stafabekkingu, lestur, orðmyndir, málskilning- og tjáningu, hugtök og vellíðan í samskiptum.

<https://www.greining.is/is/fraedsla-og-namskeid/thjalfunar-og-kennsluadferdir/takn-med-tali>

#### Leikir, spil og kennsluforrit

Í leikskóla og á yngsta stigi grunnskóla eru leikir, spil og þjálfun í kennsluforritum mikilvægar kennsluáðferðir til þess að þjálfa bókstafi og hljóð þeirra, orðmyndir og lestur.

#### Hljóðaaðferð

Mikil áhersla er á tengsl bókstafa og hljóða en nemendur læra bókstafina hvern af öðrum og tengja þá síðan saman í lesbúta og síðan festist

orðið í sjónminni og er eftir það lesið sjónrænt. Í leikskólanum er byrjað að vinna markvisst með hljóð og tákn þeirra og haldið áfram með þá vinnu þegar í grunnskóla er komið.

#### *PALS*

PALS (Peer- Assisted Learning Strategies) er kennsluaðferð sem hefur sýnt að beri árangur við þjálfun lesturs. PALS byggir á hljóðaaðferð í kennslu umskráningar meðfram þjálfun hljóðavitundar. Markmiðin með aðferðinni eru að þjálfa samtímis hóp barna í stafabekkingu og umskráningu með parakennslu (Fuchs og fl., 2013). Aðferðin felst í að kennarinn parar saman tvo og tvo nemendur, þar sem tillit er tekið til leshraða. Kennari velur síðan lesefni af hæfilegri þyngd og kennir nemendum að lesa eftir ákveðnum reglum. Eftir að nemendur hafa lesið sama texta æfa þeir sig í að beita lesskilningsaðferðum með markvissum hætti t.d. að finna aðalatriði, draga þau saman og spá fyrir um hvað gerist næst í sögunni. Rannsóknir hafa sýnt að PALS aðferðin er áhrifarík og góð viðbót við aðrar kennsluaðferðir og kemur til móts við sífellt fjölbreyttara starfsumhverfi leik- og grunnskóla. Reynslan hefur sýnt að jafningjafraeðsla, líkt og notuð er í PALS getur eflt nemendur við að ná tókum á læsi og aukið velgengni þeirra í námi.

#### *Endurtekinn lestur (e. repeated reading)*

Er áhrifarík leið til að kenna lesfimi (Walpole og McKenna, 2007) sem hægt er að beita á fleiri en einn hátt, aðlagð að þörfum nemenda og jafnvel nota með öðrum aðferðum. Aðferðin felst í að nemendur lesa stutta kafla í lesefni með réttu þyngdarstigi oftast enn einu sinni og fá við það mismikla aðstoð. Við hverja endurtekningu eru líkur á betri lesfimi, færri villum og auknum leshraða. Endurtekningin styður á þann hátt við öflun á sjónrænum orðaforða sem er helsta forsenda góðrar lesfimi (Helga Sigurmundsdóttir, 2011).

#### *Leiðbeinandi lestur (e. guided reading)*

Þessi aðferð þjálfar lesfimi hjá margbreytilegum hópi nemenda. Hún felur í sér alla þætti sem prýða góða lesfimiþjálfun, það eru fyrirmynd, endurtekning og markviss

leiðbeining. Fyrirmyndin getur verið kennari, foreldri eða bekkjarfélagi sem les ákveðinn texta, kynnir hann og útskýrir, nemandinn æfir sig síðan nokkrum sinnum með sjálfstæðum hætti og reynir að líkja eftir fyrirmyndinni. Að því loknu les nemandinn fyrir fyrirmyndina sem leiðbeinir og hvetur eftir þörfum. Mikilvægt er að þyngd textans sé samkvæmt getu nemandans og að hann fái tíða endurgjöf, leiðbeiningar og hvatningu til að halda áfram (Helga Sigurmundsdóttir, 2011).



#### *Yndislestur*

Yndislestur er lestrarstund þar sem nemendur velja sér kjörbók eða lesefni að eigin vali til að lesa sér til skemmtunar. Lestarstundin er 15-20 mínútur að jafnaði.

#### *Framsögn*

Þegar nemendur hafa náð góðum tókum á lestri er mikilvægt að huga að framsagnarpættinum. Með þjálfun í framsögn má auka sjálfstraust nemenda, bæta framburð og auka færni í lestri. Í 4. og 7. bekk er unnið markvisst með framsögn og er það mikilvægur undirbúningur fyrir Litlu og Stóru upplestrarkeppnirnar sem fara fram í þessum bekkjum.

#### *Lestrarþjálfun í skóla*

Á yngsta stigi lesa nemendur upphátt a.m.k. 4-5 sinnum í viku fyrir umsjónarkennara, stuðningsfulltrúa eða bekkjarfélagi. Auk þess er yndislestur daglega, a.m.k. í 10-15 mínútur. Á miðstigi lesa nemendur upphátt a.m.k. 3-4 sinnum í viku og yndislestur daglega, a.m.k. í

10-15 mínútur. Á unglíngastigi er yndislestur daglega, a.m.k. í 10-15 mínútur.

#### Lestrarþjálfun heima

Markmiðið með heimalestri er að nemendur auki leshraða og orðaforða. Innlögn og eftirfylgd lestrarkennslunnar fer fram í skólanum en lestrarþjálfun heima er afar



mikilvæg til að nemendur nái framförum í lestri. Þegar nemendur eru að ná tökum á lestri er tíð þjálfun nauðsynleg. Mikilvægt er að foreldrar styðji við lestrarnám barna sinna með því að hlusta á þau lesa að lágmarki 10–15 mínútur í senn a.m.k. 5 sinnum í viku. Einnig er mikilvægt að foreldrar lesi fyrir börnin sín til að efla orðaforða, málþroska og áhuga þeirra á lestri.

Kennarar fylgja heimalestri eftir og skrá lokið/ólókið í Mentor.

#### Lestrartengd verkefni

Lestrartengd verkefni eru góð viðbót við þær kennsluáferðir sem getið er hér að framan. Slík verkefni geta verið í formi lestrarátaks í ákveðinn tíma eða lestrarhvetjandi umhverfis s.s. að bækur séu aðgengilegar og að framboð á lesefni sé fjölbreytt.



#### Hraðlestrarnámskeið

Flestum árgöngum er boðið að taka þátt í 5 – 7 vikna hraðlestrarnámskeiði einu sinni til tvisvar yfir skólaárið, sem er þá viðbót við annan lestur. Þar lesa nemendur texta þrisvar sinnum, í eina mínútu hvert sinn, fjórum sinnum í viku, bæði heima og í skóla. Þátttakendur eru lestrarprófaðir fyrir og eftir námskeið og framfarir mældar. Reynslan hefur sýnt, bæði í Flúðaskóla og í öðrum skólum, að slík námskeið skila árangri og er það þá fyrst og fremst tíðni lestrar á sama texta sem þjálfar og eykur leshraðann. Hvatning og áhugi foreldra er veigamikill þáttur í þessari þjálfun og mikilvægt að hvetja börnin almennt til að lesa reglulega, því lestur er mikilvæg undirstaða fyrir svo margt í lífinu.

#### Lestrarsamningar

Haustið 2018 var farið af stað með lestrarsamninga í öllum árgöngum. Nemendur, foreldrar og umsjónarkennari skrifa undir samning þar sem sett eru fram markmið í lesfimi og stefnt að því í sameiningu að ná þeim markmiðum. Samningur er síðan endurskoðaður í janúar og ný markmið sett. Nú (2024) er misjafnt eftir árgöngum hvort lestrarsamningar séu virkir.

#### Litla upplestrarkeppnin

Litla upplestrarkeppnin er haldin í 4. bekk. Markmiðið með henni er að auka lestrarfærni



og bæta upplestur. Hugtakið keppni í þessu samhengi felur ekki í sér að keppa við aðra heldur miklu fremur að hver og einn bæti sig í lestri og framsögn. Undirbúningur hefst í nóvember og stendur fram á vormánuði eða þar til keppnin fer fram. Allir nemendur árgangsins taka þátt, og leitast er við að miða kennsluhætti við hæfni og þroska hvers og eins. Það er mikilvægt að foreldrar taki virkan þátt í verkefninu sem er hægt að gera með því að vera stöðugt góður og áhugasamur áheyrandi við heimalestur og ræða um áherslur og blæbrigði sem skipta máli við allan flutning. Verkefninu lýkur síðan með upplestrarhátíð.

#### *Stóra upplestrarkeppnin*

Stóra upplestrarkeppnin fyrir 7. bekk. Í vinnu með verkefnið er lögð áhersla á að lesari nái sambandi við áheyrendur, góða líkamsstöðu, rétta öndun, skýran framburð, áherslu, hrynjanda, hljómfall og raddbeitingu. Einnig er hugað að því hvernig upplestur er undirbúinn með því að skoða textann m.t.t. hugblæs, áhersluorða og hrynjanda. Keppnin er haldin að frumkvæði áhugafólks um íslenskt mál í samvinnu við skólaþjónustur, skóla og kennara. Keppnin hefst formlega ár hvert, á degi íslenskrar tungu 16. nóvember og lýkur í mars.



#### *Bókasafn*

Skipulagðar heimsóknir eru á bókasafnið fyrir elstu börnin á leikskóla og yngsta stig í grunnskóla. Nemendur koma í litlum hópum og fær hver og einn að fara a.m.k. í tvær heimsóknir yfir skólaárið. Börnin fá fræðslu um safnið, skoða bækur og svo er lesin fyrir þau saga/sögur ásamt spjalli um daginn og veginn. Hver heimsókn er aðlöguð að aldri barna og áhugasviði eins og þörf er á. Að lokinni heimsókn fá börnin litla gjöf með sér svo sem bókamerki og/eða blýant.



## Lesskilningur

Þegar umskráning er orðin sjálfvirk og fyrirhafnarlaus getur lesandinn einbeitt sér að skilningsþætti lestrarins, lesskilningi. Á meðan umskráningarfærnin er að þróast er mælt með því að kenna skilning á texta gegnum hlustunarskilning. Lesskilningur byggir á því að lesandinn skilji innihald textans og nái tökum á ritmálinu til að afla sér upplýsinga, fræðast, eiga samskipti við aðra eða lesa sér til yndis og ánægju (Kamhi, 2014). Undirstaða lesskilnings byggist m.a. á bakgrunnsþekkingu lesandans og hvernig hann notar þá þekkingu til að skilja og draga ályktanir út frá þeim texta sem lesinn er (Westby, 2014) en lesandinn nýtir sér einnig ályktunarfærni í félagslegum samskiptum.

Þeir þættir sem spá best fyrir um gengi í lesskilningi eru orðaforði og málsskilningur en orðaforði er sá fjöldi orða sem hver og einn bæði skilur og getur notað við tal, hlustun, lestur og ritun (Bergljót V. Jónsdóttir, 2010).

### *Orð af orði*

Orð af orði er þróunarverkefni sem Guðmundur Engilbertsson (2010) hefur unnið, þar sem kennsluaðferðir eru samþættar og unnið út frá samvirku kennslulíkani við orðaforðakennslu. Samhliða eflingu orðaforða er unnið með orðasafn nemenda á margvíslegan hátt og þar með einnig eflur lesskilningur. Aðferðirnar sem unnið er með í Orði af orði eru fjölbreyttar en eiga það sameiginlegt að koma úr helstu flokkum

aðferða sem National Reading Panel (2000) vísar í. Má þar nefna KVL aðferðina, gagnvirkur lestur, krossglímur, orð dagsins, orðaskjóður, hugræna kortagerð og ritun út frá orðasafni. Hér á eftir verður greint frá aðferðunum í stuttu máli.



Gagnvirkur lestur er kennsluaðferð sem samanstendur af mörgum aðferðum og er þróuð af þeim Ann L. Brown og Annemarie S. Palincsar. Þær felldu saman fjóra þætti sem taldir eru auka skilning nemenda. Valið var byggt á leiðum sem reyndir og góðir lesarar beita en slakir lesarar hafa sjaldan á valdi sínu. Kennslan fer fram í þörum eða hópum og byggist á þessum fjórum þáttum; að taka saman meginatriði efnisins, að spyrja spurninga úr efni textans, að leita skýringa þegar eitthvað er óljóst eða vantar á skilning og að síðustu spá fyrir um framhald textans. Með þessu móti læra nemendur að nálgast lestur á skipulagðan og virkan hátt, verða sjálfstæðari lesarar og færari í að fást við flóknara námsefni (Anna Guðmundsdóttir, 2007).

KVL aðferðin eða Kann, Vil vita, hef Lært er góð leið til að tengja saman forþekkingu nemenda og nýtt nám. Gjarnan er notað þrískipt blað og í fremsta dálkinn er skráð niður hvað nemendur vita og kunna um tiltekið orð eða efni. Í dálk tvö er síðan skráð hvað nemendur koma sér saman um að þeir vilji vita meira um efnið og í þann síðasta setja nemendur sér markmið í náminu, afla sér frekari þekkingar og skrá.

Hugræn kortagerð er oft einnig nefnd hugtakakort eða hugarkort. Með þessari aðferð er skráð niður þekking á myndrænan og rökréttan hátt með því að lýsa tengslum efnis, hugmynda og hugtaka.

Krossglímur eru góð leið til að taka saman ýmsa umfjöllun um ákveðin efni. Lykilhugtak er skrifað lóðrétt og síðan eru skrifaðar lárétt inn í stafina hugmyndir eða orð sem tengjast lykilhugtakinu. Krossglíma skerpir skilning nemenda á hugtökum og samhengi þeirra.



Orð dagsins og orðhlutavinna er aðferð sem greinir merkingu orða, samhengi, sundurgreiningu í orðhluta og greiningu á merkingu orðhluta. Orðaforðinn er fjölbreytilegur og gjarnan settur í samhengi við reynslu og fyrri þekkingu nemenda.

Í orðaskjóður er safnað orðum úr daglegri umfjöllun, námsefni, ljóðum, dagblöðum eða umræðu. Valin eru orð til að vinna með og nýta á fjölbreyttan hátt.





## Lestrarferfiðleikar - dyslexia

Rannsóknir hafa sýnt fram á að einstaklingar með lestrarferfiðleika geta náð þokkalegum tókum á lestri með öflugri kennslu og þjálfun með snemmtæka íhlutun að leiðarljósi. Það er best gert með því að skima snemma fyrir mögulegum erfiðleikum og með öflugu innngripi í kjölfarið svo sem markvissri þjálfun á hljóðkerfisfærni og einstaklingsmiðaðri kennslu (Hulme og Snowling, 2009).

Talið er að 10-15% barna á grunnskólaaldri eigi við umskráningarferfiðleika að etja, en tölur um algengi dyslexíu eru nokkuð mismunandi og telja Alþjóðlegu dyslexíusamtökin að tíðni lestrarferfiðleika sé á bilinu 15-20% og þar af sé 85% vegna dyslexíu (Höien og Lundberg, 2000). Samkvæmt rannsóknum er talið að taugalíffræðilegi veikleikinn sem orsakar dyslexíu erfist að hluta innan fjölskyldna og geta verið um 40% líkur á að foreldri eða systkini barns með dyslexíu glími einnig við lestrarferfiðleika. Dyslexia er sértækur námserfiðleiki af taugalíffræðilegum toga. Einkenni birtast í erfiðleikum við nákvæmni og/eða sjálfvirkni í lestri auk slakrar færni í stafsetningu og umskráningarferfiðleikum.

Oftast má rekja erfiðleikana til vanda í hljóðkerfisþætti tungumálsins sem ekki eru í samræmi við aðra vitsmunalega hæfni einstaklingsins og koma fram þrátt fyrir vandaða lestrarkennslu. Afleidd vandamál geta verið lesskilningserfiðleikar sem leiða til lítillar lestrarreynslu sem getur komið niður á þróun orðaforða og öflun þekkingar í gegnum lestur (Catts, Kamhi og Adlof, 2014).





## Matstæki - skimanir og próf

Matstæki eru nauðsynleg til að fylgjast með framvindu nemenda í námi, og meta stöðu og árangur þeirra jafnt og þétt. Með því að nýta niðurstöður þeirra má koma í veg fyrir margvíslega erfiðleika með því að grípa inn í með viðeigandi hætti. Hér verður gerð grein fyrir helstu matstækjum sem notuð eru í leik- og grunnskólanum við mat á málþroska og lestri.

### Matstæki í leikskóla

Hér á eftir verður gerð grein fyrir þeim matstækjum sem notuð eru í leikskólanum.

#### Orðaskil

Orðaskil er málþroskapróf sesm nýtt er þegar þörf þykir. Það er notað ef grunur vaknar um málþroskafrávik fyrir börn frá aldrinum eins og hálfis árs til þriggja ára (Elín Þöll Þórðardóttir, 1998). Prófinu fylgir listi þar sem hakað er við það orð eða hljóð sem barnið er búið að ná að tileinka sér eða segja. Það er gert svo hægt sé að fylgjast með hvort barnið sé búið að ná aldursvarandi orðum/hljóðum, fylgjast með framförum og grípa fljótt inn í ef þörf krefur.

#### Bjargir

Bjargir eru kafli í bókinni Snemmtæk íhlutun í málörvun tveggja til þriggja ára barna (Ásthildur Bj. Snorrardóttir og fl., 2014) sem ætluð er leikskólakennurum en þar er að finna

ýmis hjálpargögn. Þar eru listar til þess að meta málskilning, máltjáningu, boðskipti og leik barna. Í kaflanum eru hagnýt ráð fyrir foreldra og dæmi um úrvinnslu fyrir leikskólakennara. Einnig er sýnt hvernig nýta má bækur í málörvun og auka með því orðaforða barnanna.



#### TRAS

TRAS er skráningaraðferð til að fylgjast með málþróun og málhegðun tveggja til fimm ára barna og upplýsingar sem skráðar eru byggjast á markvissum athugunum í daglegum samskiptum við barnið. TRAS er ekki málþroskapróf en spurningarnar sem leitað er svara við eru byggðar á niðurstöðum þekkra málþroska- og atferliskvarða. Spurningarnar flokkast undir þrjú færnisvið sem hvert og eitt skiptist í nokkra þætti. Færnisviðin eru;

Samleikur/félagsfærni, tjáskipti/samskipti og athygli/einbeiting málskilningur og málvitund framburður, orðaforði og setningamyndun.

Markmiðin með notkun TRAS eru að samræma skráningu á málþroska og að unnt sé með slíkri skráningu að grípa til snemmtækrar íhlutunar ef grunur vaknar um frávík. Einnig að foreldrar og aðrir í umhverfi barnsins fái leiðbeiningar og ráðgjöf um hvernig best sé að hjálpa barninu (Björk Alfreðsdóttir og fl., 2013). TRAS er góður upplýsingarbrunnur ef leita þarf ráðgjafar eða samstarfs við sérfræðinga utan leikskólans.

#### Hljóm-2

Hljóm-2 er greiningartæki/próf í leikjaformi sem kannar hljóðkerfisvitund hjá elstu börnunum í leikskóla. Hugmyndirnar að baki verkefnum í greiningartækinu byggja á því að hægt sé, með fyrirbyggjandi aðgerðum, að draga úr fjölda þeirra barna sem lenda í lestrarerfiðleikum. Taka verður tillit til þess að með Hljóm-2 er aðeins skoðað hvort um vísbendingar um erfiðleika sé að ræða, en ekki endanlega niðurstöðu um gengi lesturs í skóla. Hljóm-2 skiptist í sjö þætti, það eru; rím, samstöfur, samsett orð, hljóðgreiningu, margræð orð, orðhlutaeyðingu og hljóðtengingu (Amalía Björnsdóttir, Ingibjörg Símonardóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2003).

#### Samstarf við heilsugæslu

Unnið er eftir niðurstöðum PEDS og Brigance þroskaskimun. Heilsugæsla gerir mat á þroska ungra barna og skimar fyrir þroskafrávikum.

Markmiðið er að greina frávík í þroska og veita foreldrum fræðslu. Heilsugæslan hefur samband við leikskólann með niðurstöður úr þessum skimunum. Sjá nánar á vef [Landslæknisembættisins](#)

#### Matstæki í grunnskóla

Hér á eftir verður gerð grein fyrir þeim matstækjum sem notuð eru við skimun og prófun í grunnskólanum.



#### Lesferill

Lesferill er skimunar- og stöðupróf í lestri sem Menntamálastofnun staðlaði og gaf út árið 2016. Lesfimi er samsett færni sem felst í leshraða, lestrarnákvæmni og áherslum/hrynjandi í lestri. Fjölmargar rannsóknir sýna sterk tengsl milli lesfimi og lesskilnings og með því að bæta lesfimi nemenda eflist lesskilningur.

Viðmið fyrir hvern árgang í lesfimi má sjá á bls.13. Viðmiðin eru sett fram sem rétt lesin orð á mínútu.

Aldur nemenda	Lágmarksviðmið 90 %	Almenn viðmið 50 %	Metnaðarfull viðmið 25 %
1. bekkur	20	55	75
2. bekkur	40	85	100
3. bekkur	55	100	120
4. bekkur	80	120	145
5. bekkur	90	140	160
6. bekkur	105	155	175
7. bekkur	120	165	190
8. bekkur	130	180	210
9. bekkur	140	180	210
10. bekkur	145	180	210

Lesfimiviðmiðin eru vörður sem sýna stígaða í lesfimi. Þegar lesfimiviðmiðum er náð þarf samt sem áður að þjálfar lestur áfram upp allan grunnskólann til að viðhalda góðri lesfimi. Til að koma til móts við fjölbreytilegan nemendahóp og að markmiðin séu metnaðarfull en jafnframt raunsæ eru lesfimiviðmiðin þrískipt:

- **Lágmarksviðmið:** stefnt er að því að 90% nemenda ná markmiðinu
- **Almenn viðmið:** Stefnt er að því að 50% nemenda ná markmiðinu
- **Metnaðarfull viðmið:** Stefnt er að því að 25% nemenda ná markmiðinu

Lesferill – skimun í 1. bekk

Í 1. bekk er lögð fyrir skimun að hausti, þar sem prófaðir eru þættir sem leggja grunn að lestrarnáminu, en það eru:

- Málskilningur og orðaforði
- Bókstafa- og hljóðþekking
- Hljóðkerfis- og hljóðavitund

#### LOGOS

